



Bréfa- og málasafn, júlí - ágúst 1949.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Bréf – Ásgeir Þorsteinsson –
Thor Thors – Jónas Þorbergsson – Útvarpsstjóri - 1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-10, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Asgeir Þorsteinsson
verkfræðingur.

Rvík 1. ág. 1949.

Herra utanríkisráðherra Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Að gefnu tilefni, leyfi ég mér að gera eftirfarandi grein fyrir afskiftum mínum af áburðarverksmiðjumálinu, og einnig nokkrar athugasemdir, er eg tel rétt að komi fram.

Þegar frumvarp um stofnun áburðarverksmiðju til að vinna llo o smál, af köfnunarefni á ári, var lagt fyrir Alþingi 1944, var gert ráð fyrirr því af flytjendum frumvarpsins, að verksmiðjan fengi til umráða sjálfstæða rafvirkjun, eða vélasamstæðu í Laxá eða Sogi, er væri óháð almennri raforkuneyslu.

Eg hafði þá fyrir nokkru (í des 1942) gert grein / fyrir á fundi verkfræðinga, hvernig mætti hagnýta í þarfir áburðarverksmiðju þá orku, sem ekki kæmi að notum til almennra parfa, og hafði eg komist að þeirri niðurstöðu, að samvinna milli raforkuvers, t.d. Sogsins og áburðarverksmiðju, væri fjárhagslega mjög æskileg.

Minnist eg þess, að þér tókuð vel í þetta mál, sem borgarstjóri Reykjavíkur, og gerðuð ákveðnar tillögur til ríkisstjórnarinnar, um samvinnu ríkisins og Reykjavíkur-bæjar í því skyni að koma á fót áburðarverksmiðju.

Þeirri samvinnu hafnaði ríkisstjórnin, en lagði í þess stað fram fyrgreint frumvarp 1944.

Tvö erlend félög lögðu fram upplýsingar varðandi frumvarpið . Annað þeirra, Chemical Construction Corp. New York, lagði fram upplýsingar er fylgdu frumvarpinu sjálfu, en eg hafði fengið enskt félag, Bamag Ltd, London, til að gera tilboð til samanburðar við amerískra tilboðið, og einnig annað tilboð, er sýndi möguleikana á því að nota afgangsorku Sogsvirkjunarnar á hagkvæman hátt.

Málinu var vísað frá 1944, aðallega vegna ófullnægjandi upplýsinga um raforkuna.

Pegar frumvarp um áburðarverksmiðju var svo lagt fram á ný 1948, var viðhorfið til verksmiðjustærðarinnar mjög breytt. Hafði nefnd starfað á vegum nýbyggingaráðs, og komist að þeirri niðurstöðu, að verksmiðjan þyrfti að vera fyrir 2500 smál. hið minnsta, en helst fyrir 5000 smál. á ári. En jafnframt var það skýrt tekið fram í nefndarálitinu, að verksmiðjunni væri nauðsynlegt að eiga kost á samvinnu við Sogsvirkjunina, til þess að fá nógu ódýra raforku, og var beinlímis reiknað með notkun afgangsorku Sogsins, við ámtlanir bæði þá og síðar .

Pegar verksmiðustærðin var komin upp í 5000 smál., er síðar varð, var enn stuðst við upplýsingar frá hinum fyrgreindu félögum. Jóhannes Bjarnason útvegaðitilboðið frá New York, en eg frá London. Eintak af tilboði Bamag Ltd var sent atvinnumálaráðherra í okt. 1948.

Í amerískra tilboðinu var fobverð véla 16,7 milj.kr., en í enska tilboðinu 15,0 milj. kr. Síðarnefnda tilboðið var enn fengið til samanburðar við hið amerískra, en það

tilboð byggðist sem fyr á notkun frumorku að öllu leyti.

Við sammingu rekstursáætlana, er að stóðu dr Björn Jóhannesson verkfr., Jóhannes Bjarnason verkfr., og eg, var þó enn sem fyrr gert ráð fyrir afgangsorku, enda ávalt talað við Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra um raforkukaup á þeim grundvelli.

Með tilliti til hins hagkvæma, enska tilboðs, var þess einnig getið í skýrslu okkar þriggja 4. okt. 1948, er samin var til afnota gagnvart O E E C í París, að góðir möguleikar væru á því að útvega vélar á samkeppnisfaru verði í Evrópu, en það var þá talið alí-mikils virði málínus til framdráttar.

En svo bregður við, að í skýrslu, sem Jóhannes Bjarnason gaf 20 apríl 1949, eftir för til Parísar að hitta sendiherra Íslands að máli, og hafa tal af nefndarmönnum OEEC, er því haldið fram, að útilokað sé að kaupa nokkrar vélar frá þáttökulöndunum, sakir dýrleika, óhagstæðs vinnufyrirkomulags og langa afgreiðslutíma. Hafði Jóhannes Bjarnason að vísu hitt að máli eitt enskt félag, Power Gas Corporation, en til Bamag Ltd. London, hafði hann ekki komið, og tilboð þess frá 1948 kom ekki fram í samanburðinum.

Þegar söluþorstjóri Bamag Ltd kom til Parísar fyrir nokkru, og hitti sendiherra Íslands þar, fekk hann að vita um þessas niðurstöður Jóhannesar Bjarnasonar, og olli það forstjóranum eðlilega mikilla vonbrigða, að upplýsingar frá félagi hans, sem bæðið hafði verið um

til afnota við undirbúning málsins, skýldu ekki koma fram gagnvart OEEC.

Ræddi eg því mál þetta við atvinnumálaráðherra, sem gaf vilyrði fyrir því, að Bamag Ltd. fengi tækifæri til að koma með tilboð í áburðarverksmiðjuvélar síðar.

Þar sem mér virðist stöðugt vera haldið svo á þessu málí, við erlenda aðilja, í OEEC og máske víðar, einsog hér á landi væri fyrir hendi frumorka fyrir ~~7500~~ smál. verksmiðju, og þá sennilega með því raforkuverði, sem reiknað er með í áætlunum, vil eg leyfa mér að gera grein fyrir því á hvaða grundvelli eg hefi starfað að undirbúningi þessa máls, til að girða fyrir misskilding í því efni.

Áburðarverksmiðja fyrir 7500 smál. ársframl. af köfnunarefni, þarf aðgang að mjög mikilli orku. Þessa orku má útvega á tvennan hátt,

a. með sjálfstæðri virkjun, eða vélasamstæðum starfandi virkjunar, að fullu til eigin afnota,
eða, b. með kaupum á frumorku og afgangsorku starfandi virkjunar.

Sé reiknað með aðstæðum samkv. a, ~~xx~~ eins og upp á síðkastið virðist hafa verið gert, er eim-göngu um frumorku að ræða.

Orkan yrði sem næst 17.000 kílovött, verðlag um 200 kr. árskílovattið, alts kr. 3.400.000.-
Þessi orka, 17000 árskílovött, er 55 % af hinni vœtanlegu Sogsvirkjun.

Býst eg við því, að Sogsvirkjunin myndi ekki fáan-leg til að ráðstafa svo mikilli frumorku, eða neitt svipað því.

Um sjálfstæða virkjun gæti verið að ræða, og einnig vibótarvirkjun í Efrasogi, sem þó gæfi tæplega hina nauð-synlegu orku. Aukning virkjunarkostnaðar yrði þá um 35 milj. kr., sem yrði að leggja fram nú þegar.

Sé á hinn bóginn athuguð skilyrðin hjá Sogsvirkjun-inni samkv. b., dagana 22 des 1939, og 12. jan 1949, eða með ^{mín} átta ára millibili, kemur eftirfarandi í ljós.

Neyslan var 22. des 1939, um 127 þús kílovattstundir.

en 12. jan 1949 " 450 " "

Afgangsorkan var 22. des 1939, um 89 þús. kvst.

en 12. jan 1949 " 314 " "

Það er eftirtektarvert, að afgangsorkan hefur aukist að sama skapi og neyslan eða álagið jókst. En það vill segja, að áburðarverksmiðja, sem byggir á afgangsorku Sogsins í dag, er eigi í hættu fyrir því, að afgangsorkan minnki, þótt álagið til almennra þarfa aukist jafnt og þétt. Þetta er aðalskilyrði fyrir því að hægt er að nota afgangsorkuna, og skal það atriði nú rakið nánar.

Til þess að fullnýta afgangsorku, sem er 314 þús. kílovattstundir, yfir sólarhringinn, þarf að hafa vélar, sem geta notað fullt afgangsálag, en það er nú 21.000 kílovött, og farið niður í ekki neitt, á háneyslutíma. Þetta er hægt með vatnsefnisvélum Bamag Ltd.

Við 7500 smál. áburðarframleiðslu, þarf 14.300

Kílovött, til vatnsefnisframleiðslunnar, ef álagið er ætíð jafnt. Vélar sem nota 21.000 kílovött þurfa því að vera 47 % stærri, eða fyrir 11.000 smál. verksmiðju. Slíkar vélar framleiða nauðsynlegt vatnsefni fyrir 7500 smál. verksmiðju, ef þær mega nota ~~14~~ 1.500 kílovött sem frumorku. Til annarra véla þarf 2500 kílovött af frumorku, sem alls verður því 4000 kílovött, eða aðeins 13 % af væntanlegri Sogsvirkjun, í stað 55% frumorku sbr.a.

Orkupörfin verður því samkv. b.,

Frumorka ,	4000	árskw.	á kr.	200.-	kr.	800.000,-
------------	------	--------	-------	-------	-----	-----------

Afg. orka 13000	"	"	"	70.-	"	<u>910.000,-</u>
-----------------	---	---	---	------	---	------------------

allt	kr.	1.710.000,-
------	-----	-------------

í stað kr. 3.400.000.- sbr.a.

Í verksmiðju, sem á að framleiða örugglega 7500 smál., en hefur vatnsefnisvélar fyrir 11000 smál, þegar best lætur, er sjálfsagt að kaupa ammoniakketúl fyrir t.d. 10 þús. smál., því slíkur ketill t.d. af Casale gerð, getur auðveldalega fylgt sveiflum vatnsefnisframleiðslunnar. Þarf því ekki aukna vatnsefnisgeyma.

Kostnaðaraukann vegna stærri véla, vil eg áætla 4 til 5 milj. kr., og reksturskostn. aukninguna 500 þús. kr á ári. Hagnaður verður því enn um 1,2 milj. kr. á ári, fyrir notkun afgangsorkunnar.

Fyrir sjálfa ammoniakframleiðsluna, er því hægt að reikna með afköstum milli 7500 og 10.000 smál., af köfnunarefni á ári, og gæti það orðið til mikilla hagsbóta, ef vel tekst til með notkun ammoniaks í nýrakt,

en á því sviði eru nú framkvæmdar hér á landi mjög merkilegar tilraunir.

Frekari teknisk atriði varðandi þetta mál, sé eg ekki ástæðu til að ræða á þessu stigi, en eg myndi leggja allt kapp á að geta reist fullkomna lo þús. smál. verksmiðju frá upphafi, með tilliti til þess, að fyrstu árin yrði hægt að kaupa það sem á vantar af frumorku, og reka slíka verksmiðju með fullum afköstum við öruggari rekstursafkomu, og þannig búa í haginn fyrir síðari tíma, er þrengjast kynni um raforkuna, sem frumorku.

Þannig horfir mál þetta við mér í stórum dráttum, en nákvæmari upplýsingar er eigi gott að gefa, fyr en búið er að ákveða verksmiðjunni stað, og gera útboð í Evrópu og Ameríku, með aðstoð erlendra, reyndra sérfræðinga, á þeim tvenskonar grundvelli, er hér hefur verið lýst, ef ekki verður fallist á míni sjónatmið. Er bagalegt, að ekki skuli vera búið að leiða þær athuganir til lykta, frá því ~~þ~~ íslenskum verkfræðingum verður naumast búist við frekari vitneskju, en þegar er komin á daginn.

Virðingarfyllst,
Asgeri Þorsteinsf.

—
Österville-24.jul.'49

Göði vnuv,

pakkha brief þitt

fra 18.þ.m.

Ner þri að þu lagðt
áhorglu að eg komi heim til
áð take ðatt í Faxafloðaræd-
stefnu fyrir vild. Eg ekk skorast
undan þri, ef eg gat ordið
á einhverju líð. Vóna að
vel se sed fyrir tekniku klis-
num, en kum að hafi hraðitórar
á einstu sér fyrir hendi. Það
var ið skilegt að Hans Andersen
hunngð mig upp, f. d. manudag
1. ágúst. Eg kem til Washington
fimmtudag 28. juli en hef
flugfar ^{með ACP} frá New York miðnudag
morgun 10. ágúst og kem þri
til Reykjavíkur að morgni fimmtudag
11. ágúst. Í ferð vil eg halda
Stax og ráðstefnan er buri-

OKkur gefst þri bríðregu
fólkjör til að ræða ítarlega
saman um öll malefni, f. d.
U.N. General Assembly sem
kemur saman 20. sept. og mun
ef orð likindum lefar standa
til jöla. Malefin eru mest
megin vorlausir uppráðningar
fi. fyrri þrigum, Palestine, Indon-
esia, afroprum, Atom or Kan,
Örikkland, Korea o sfr. EKKET
þessara male gefar U.N. leyst
endanlega, meðan U.S.A. og
Sovjetríki geta ekki komið sí
saman. Ðg nu er talad um að
gjöra Romalo lítt fai tilgreip
eyrum forseta ráðsrefunnar.
Asia verður að fá sitt, en þi
vildi ég heldur einhvern Ind-
rejza. En um þetta hölum nít-
Vegna Korsninga heimur. Óktóber
er aunglöst að engis leitandi
stjórnalemenum Koma ad hennan
og alibi ekki legt að Hans

midvæsen komi, ef þú getið
mest hann svo lengi.

Báðir er aðal.

átríðið heimstókn Trumani forseti.
Eg undrast að Butnick skuli
hefa minst a' þetta við utan-
rikisráðherra Íslands. Hann
segi það hafi verit unofficiell
En sendiherra gettu ekki, administrati-
aliti; hafis mals-a' persu ít
utanrikisráðherra, nema að íta
erthvað um vilja forsetans. Þetta
efast eg um að leggi fyrir
i malinn. Eg fel mjög mismind
að hugsa kl að munast a' ít
Truman að koma niður; a' Con-
gressin mun standa fram
byrjun Sept. Það x ni efti
að akveði upphaf fyrir
EFTA og vopnaframlag til
Atlantic Pact þróðanne. Þetta
tekkst allan aðquist. Truman
mun það ekki eiga heiman,
engin fyrir en i fyrsta lagi

Sept. en semilaga 20 fime
hans radstafad alveg til
ararnote. Hann ætlaði til til
Florida i frí i November -
Retti finanis til ad heimildi
Ísland 21. 10K júní eða
Juli-august. Bessvegna m.a.
Erlétt ad athuga þetta betur
og hugsa frekari um næsta
ár. Þessi býr ad gáta ad þó
at Þorður gátl. býr a Bessa-
stöðum þá mun Koma með
honum földi af secret ser-
vice mónum og enkum
hópus af bláðamónum við
vegar ad. Það yrði þri ad fáli
alla Hotel Borg fyri þessi
Gesti og utblæ allt með
nægum þyrirvar. En megin-
astfeda fyrir þri ad eðg mundi
leggja endregjist miði persa
ni, sumar os sii ad Kosningar
far fram i hausti a Ísland.
Komi Þorður nið veri komman

stær gefið gjott til eftir.
Til að segja að sín valkileg
sé Ísland Komit undir
U.S.A. að forsetan hafi komið
til að líta að nýlenduna.
Hemstlöðin mundus skrifte
var þennan ahuga U.S.A. frá
Íslandi og þá heime megi
skýra þetta, þegar andrums-
lögðið er rólegt, þá mætti utaf
slikri hemstlöðu þyrle upp
míklu myki í Kominum á hitanum
og veikt upp alls konar drossa
sem softi væri að kveða nið
Engin að teð til að smíða
Kommuni myr vopn fyrir
Kominum, þetta veit eg að þis
athugi J.-Truman gefur aðbyggj-
lega bedri. Höldum allan
að forsetum frá Ástralíu og Sudur
Ameríku hafa snikt ees heimbor
til Washington, en Truman hefur
engu aistæða bed til að
þundarizzalda "slike kerfissi

As býððz allt. Frumun
kein næste sunnar, vori réttu
leidri sér, ad ég klæddi í
Fríindi og Kyrþeg, hrað kennipré
minum Stanley Woodward,
Chief of Protocol i Stálfdep.,
hvort og hvence Frumun vildi
sína slíkse heimboð. Eg svor
reynlist að ég farið að funda
Frumans og formlega framborið
heimboði. En einnig náiði
ástæði eð rítt ad láta það biða
fram yfir Kosningar - eins og fleiri.
En um það og annan: Nánar
i framsögn, þegar við hittumst.

Eg þakki þér fyrir að hefði
hekkad laun min. Hafþi ekammá-
st min að taka við þri, en aðris
sendiherrar opptóra það. - Höfum við
vara að bessu? Ef síldin breyst,
hver mun þa brængja SKKur?

Bestu Kvedrur

þínur umildagur —

Froðhors

ÚTVARPSSTJÓRINN

Reykjavík, 11. júlí 1949.

Pegar ég nýlega kom heim úr utanför lá á skrifborði mínu skýrsla frá fréttamanni útværpsins, Emli Björnssyni, dags. 3. þ.m., þar sem hann fyrir sitt leyti gerir grein fyrir þeim mistökum, að yðar, hæstv. ráðherra, var ekki getið sem ræðumanns í samkvæmi því, sem Nordmannslaget í Reykjavík hélt norska og íslenska skógræktarfólkinu 2. þ.m.

Enda þótt í skýrslu fréttamannsins séu bornar fram þær skýringar, er fyrir hendi voru, tel ég þær ekki vera fullnægjandi afsökun frá hendi Ríkisútværpsins.

Ég harma það, að þessi mistök hafa orðið, og leyfi mér f.h. stofnunarinnar að beiðast þess, að þér virðið óhapp þetta á betri veg.

Virðingarfyllst,

Jónas Þorbergsson

til,

utanríkisráðherra.-

Reykjavík, 28. ágúst 1949.

Góði vinur,

Eg þakka þér fyrir bréf þitt á dögunum og allt gamalt og gott.

Astaðan til þessa að ég skrifa þér nú er sú, að í byrjun ágústmánaðar minntist vinur okkar Ólafur Johnson á það við mig í lauslegu rabbi, að til tals hefði komið á milli ykkar tveggja að hann fengi vegabréf (diplomatikt) sem ólaunaður verzlunar-ráðunautur við sendiráðið í Washington. Hefði betta komið til út af örðugleikum við að öðlast dvalarleyfi vestra fyrir hann og konuna nema þá á innflutnings-visum. Þetta gæti haft í för með sér ýmiskonar óþegindi, þar á meðal tvöfallda skatta. Spurði hann mig hvernig mér litiat á að koma þessu í kring, en tók berlega fram að ef einhver vandkvaði voru á því léti hann sér það skiljast og vildi alls ekki fylgja málinu eftir.

Begar við áttum þetta samtalsvar enn ráðgert að þú kemir hingað, og kom okkur saman um að ræða málid begar þú varir kominn. Nú varð ekkert úr hingaðkomu þinni og hefi ég látið málid kyrrt liggja, en hafði þó hugsað mér við takifari að skrifa þér um það.

I morgun kom Ólafur hingað á skrifstofu mína til að reða málid nánar við mig. Hann gat þess meðal annars, sem hann áður hafði nefnt, að þetta byrfti alls ekki að verða heyrum kunnugt. Ég sagði aftur á móti að þar sem nú varu kosningar fyrir dyrum og aldrei væri öruggt nema eitthvað síaðist út af því sem hér væri gert, væri við búið að andstæðingarnir næðu í þetta og notuðu það til að útdjöfla honum og mér. Ég teldi þess vegna hyggilegra að bfða með aðgerðir í þessu; taka málid frekar upp að kosningum loknum, ef við þá hefðum völd hér, og afgreiða það eftir því sem okkur þetti henta.

Ólafur tók þessu mjög vel og létt a.m.k. svo sem hann skildi það fyllilega. Ég lofaði jafnframt að skrifa þér um málid og heyra þátt álit á því. Geri það hér með, auðvitað algerlega privat.

Herra sendiherra
Thor Thors,
Washington.

Það má vera að þó að Ólafur taki málí mínu vel hafi hann orðið fyrir nokkrum vonbrigðum, sé ekki að ollu leyti ásnegður með undirtektir mínar. Hvað sem um það er hygg ég þó, að skoðun míni, sem er í samræmi við álit Ólafs bróður þíns, sé rétt, að það sé ekki hyggilegt að hreyfa þessu málí eða gera neitt í því á þessum tveimur mánuðum fram að kosningum. Um þetta vildi ég þó mjög gjarnan heyra þitt álit.

Það þarf ekki að taka fram, að ég er mjög fús til að greiða götu Ólafs og firra hann vandræðum, þó að það verði vitanlega að vera á þann veg, sem málefnalega verði ekki að fundið. Er auðvitað óhyggilegt að gera nokkuð á þeim tíma sem maður veit, að allt sem gert er tekið upp og snúið á hinn versta veg.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, heldur bið þíns álits.

Við erum að byrja kosningahrföina hér og verður enn eigi seð hvornig hnán muni ganga. Við erum enn á því stigi að allir flokkar eru bjartsýnir, telja horfur sínar góðar, og er vitanlega ekki meira að marka álit okkar í þessum eftum heldur en hinna.

Ég vona að þér og þínu fólk 1föi vel.

Með bestu kveðjum,
þinn einlaugur